



Félagsleg heimaþjónusta



Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Um félagslega heimaþjónustu í Mosfellsbæ gilda reglur sem bæjarstjórn hefur samþykkt í samræmi við 25. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskyldunefnd fer með málefni félagsþjónustu í umboði bæjarstjórnar.

Starfsmenn Eirar, hjúkrunarheimilis sjá um framkvæmd þjónustunnar samkvæmt samningi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og Eirar, hjúkrunarheimilis

Hverjir geta sótt um félagslega heimaþjónustu ?

Þeir sem eiga lögheimili í bæjarfélaginu og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu geta

sótt um félagslega heimaþjónustu.

Þörf fyrir aðstoð er metin í hverju tilviki. Leitast er við að veita þá þjónustu, sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir.

Félagsleg heimaþjónusta getur verið fólgin í, aðstoð við heimilishald, aðstoð við persónulega umhirðu, félagslegan stuðning eða aðstoð við umönnun barna og ungmenna. Heilsugæslustöð Mosfellsumdæmis, Þverholti 2 sími 510 0700 sér um heimahjúkrun þar með talið baðþjónustu fyrir aldraða.

Umsókn

Sækja má um félagslega heimaþjónustu á íbúagátt Mosfellsbæjar.

<https://ibuagatt.mosfellsbaer.is/oneportal/login.aspx>

Umsókn þarf að fylgja umsögn sérfræðings sem staðfestir þörf viðkomandi fyrir þjónustuna og yfirlit yfir greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, þegar það á við.

Félagsráðgjafi metur þörf umsækjanda fyrir þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525 6700, þær má einnig nálgast á vefsíðu Mosfellsbæjar <http://www.mos.is>.

Gjaldskrá

Gjaldskrá vegna félagslegrar heimaþjónustu er samkvæmt reglum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Undanþegnin gjaldtöku eru þeir sem hafa elli- eða örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu.

Lífeyrisþegar sem hafa aðrar tekjur en frá



Félagsleg heimaþjónusta

Tryggingastofnun greiða 580kr. á klst. aðrir greiða 1.260 kr. á klst.

Gjaldskráin tekur breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á neysluvísitölu miðað við nóvember árið á undan

Þagnarskylda

Fulltrúar fjölskyldunefndar, starfsmenn fjölskyldusviðs og starfsmenn Eirar sem veita félagslega heimaþjónustu eru bundnir þagnarskyldu um einkamál þeirra sem sækja um félagslega heimaþjónustu. Þagnarskyldan helst þrátt fyrir að viðkomandi láti af störfum.

Afgreiðsla umsókna og áfrýjunarleiðir

Trúnaðarmálaráðgjafar fjölskyldusviðs fjallar um umsóknir um félagslega heimaþjónustu og afgreiðir þær í samræmi við reglur þar að lútandi. Umsækjandi getur áfrýjað afgreiðslu fundarins til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar.

Ákvörðun fjölskyldunefndar getur umsækjandi áfrýjað til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Nefndin hefur aðsetur í félagsmálaráðuneytinu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Áfrýjun skal borin fram skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi barst vitneskja um afgreiðslu umsóknar

Ábyrgðarmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir